



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Jörfi

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastjóra	3
Innra mat deildarinnar Hlíð	5
Innra mat deildarinnar Lundur	7
Innra mat deildarinnar Sel.....	10
Innra mat deildarinnar Holt.....	13
Innra mat deildarinnar Laut	16
Ytra mat	19
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar	21
Foreldrasamvinna.....	24
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
Fylgigögn.....	25
1.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	26
1.2 Fylgiskjal - matsgögn leikskólans	30

Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað og aðlögun nýrra barna gekk vel. Það gekk vel að ráða inn nýtt starfsfólk og þurftum við að ráða inn fáa nýja starfsmenn í haust. Starfsmannahópurinn er að þéttast og fáir hættu þetta árið, við fengum inn íþróttatræðing og uppeldisfræðinga en því miður enga leikskólakennara. Einn deildarstjóri kom til baka úr veikindaleyfi um áramótin. Hópurinn stefndi að námsferð erlendis vorið 2020 og var mikil stemmning í hópnum fyrir því. Við vorum með hópefli fyrir utan vinnutíma úti í sveit til að styrkja hópinn og tel ég það hafa skilað sér í góðu andrúmslofti innan leikskólans. Í starfsmannahópnum er mikil samkennd og þetta er góður hópur sem nær vel saman.

Aðlögun gekk vel haustið 2019 og tókum við mörg ný börn inn. Við gerðum tilraun með að hafa þrjár deildar skiptar upp eftir aldri. Elsta deildin var með 5 ára börnin og svo koll af kolli. Þetta gekk vel en því miður verðum við að breyta því til baka og hafa tvískiptan aldur á deildum þar sem mikið ójafnvægi er í árgöngum þetta árið.

Tveir meginþættir settu strik í reikninginn í leikskólanum okkar og var það annars vegar verkfall Eflingar og hins vegar veiran Covid 19.

Verkfallið kom hart við leikskólann þar sem við erum með marga Eflingarstarfsmenn og þar af leiðandi gátum við ekki haldið uppi starfi og þurftum að loka leikskólanum í fimm vikur. Þetta var skrýtinn tími en þeir sem eftir voru í húsi (níu starfsmenn) nýttu tímann vel í skipulags og undirbúningsvinnu. Starfsfólk kom inn í viku og þá skall á veiran á. Ég tel að leikskólinn hafi tekið vel á málum varðandi Covid, hér var öllu tvískipt, bæði börnum og starfsfólki og gekk leikskólalífið nokkuð vel og engin tilfelli komu upp í leikskólanum. Þetta var mjög skrýtinn tími og erfiður fyrir alla. Þann 4. maí opnaði svo leikskólinn aftur.

Barnaheill

Hópastarfið í leikskólanum Jörfa byggist á Vináttuverkefni Barnaheilla og höfum við unnið með það síðan haustið 2017. Hópastarfið hófst um miðjan september og útfærslan hefur verið með sama móti og undanfarin ár þ.e. í svokallaðri hringekju þar sem öll börnin fara í skipulagt hópastarf 2x í viku og við skiptum hópnum á fjögur svæði þar sem unnið er með jóga og slökun, tónlist og hreyfingu, listsköpun og vináttu. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og munum við halda áfram að þróa þetta enn frekar.

Lubbi finnur málbein

Vel gekk að vinna með efnið í vetur en áhersla var lögð á að kenna eitt hljóð og tákni á viku ásamt því að læra lag hljóðsins. Við ætlum að breyta fyrirkomulaginu fyrir næsta haust og skipta Lubbahljóðum upp á milli deilda. Við munum halda áfram að þróa Lubba næsta starfsár og munu eldri deildarnar tengja Lubba við landið okkar og vinna með staðarhætti Íslands.

Tónlistarstarf í Jörfa

Við viljum efla enn frekar tónlistarstarfið í leikskólanum og kenna börnunum flóknari söngtexta og bæta við í lagavalið. Allir hittast einu sinni í viku í söngstund á föstudögum og syngja saman. Ákveðið hefur verið að hafa lag mánaðarins. Við höfum verið í samstarfi við Tónskóla Sigursveins vegna Barnamenningarhátíðar en börnin sungu ekki þetta árið í Hörpu v/covid en vonandi næsta ár, einnig hafa elstu börnin verið að syngja fyrir eldri borgara í Hæðargarði.

Samstarf við Víking

Víkingur hefur í þrjú ár boðið elstu börnunum okkar í hreyfistund einu sinni í viku í Víkina þar sem íþróttافرæðingur tekur á móti börnunum. Frábært framtak og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.

Myndlistarskólinn í Reykjavík

Það er mikil ánægja að umsókn okkar var samþykkt um samstarf við Myndlistaskólann í Reykjavík og munu elstu börnin fara næsta vetur í litlum hópum að læra meira í listsköpun með myndlistarkennara.

Næsti vetur

Við erum jákvæð fyrir næsta skólaári og hlökkum til að takast á við áskoranir í starfi og efla okkar skóla enn frekar faglega.

Innra mat deildarinnar Hlíð

Starfið í Hlíð 2019 -2020 hefur gengið vel í vetur, þrátt fyrir skríttinn vetur. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: einingakubbar, leggja grunn að góðum samskiptum, vináttuverkefni Barnaheilla og læsi. Okkar markmið var að vinna vel með þessa þætti og gekk það eftir að mestu leiti. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf í vináttu ásamt því að áhersla var lögð á jákvæð samskipti, virðingu og umburðarlyndi. Spjöldin í töskunni voru notuð ef upp komu mál varðandi samskipti milli barna til dæmis í samverustund.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvituð um hvort annað, þau sýna samkennd og umburðarlyndi. Börnin segja stopp þegar þeim er misboðið. Þau fara í vinanudd í hópastarfi og eru góð hvort við annað.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en við viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að leggja áherslu á að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi og nýta meira efniviðinn úr vináttu töskunni í almennu starfi.

Einingakubbar: Markmiðið var að styrkja einingakubbastarfið inni á deild og kynna kubbana og aukaefnivið fyrir börnunum og vinna markvisst með þá.

- **Styrkleikar:** Börnin sýndu framfarir í kubbaleiknum og voru farin að nota viðbótarefniviðinn í leik, hver hópur fór fjóra daga vikunnar í einingakubba. Byggingarnar urðu flóknari eftir því sem leið á veturinn.

Við munum halda áfram að vinna markvisst með kubbana næsta vetur en viljum leggja áherslu á heiti kubbana.

- **Tækifæri til umbóta:** að börnin þekki heiti kubbana.

Leggja grunn að góðum samskiptum: Það gekk vel að vinna með samskipti á deildinni og allir meðvitaðir um að jákvæð samskipti skipta miklu máli. Áætlað er að gera samskiptasáttmála með elstu börnunum.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa lært að taka tillit til hvors annars. Við viljum tileinka okkur góð samskipti við börn og fullorðna.

Lausnarmiðuð hugsun skiptir máli þegar upp koma ýmis mál sem þarf að leysa sem fyrst og leikskólinn byggir á samvinnu og samskipti meðal allra.

- **Tækifæri til umbóta:** Við viljum efla samskipti milli foreldrar og starfsfólks þar sem skipts er daglega á upplýsingum um líðan og stöðu barnsins í leikskólanum. Eins viljum við að elstu börnin búi til samskiptasáttmála.

Læsi: Menntastefnuverkefni leikskólans ber heitið „Klókir krakkar læra og lesa í lífið sjálf“ Þessi yfirskrift er í raun megilþættir sem leikskólinn vinnur eftir. Við settum okkur það markmið að fara í Lubbastundir og vinna markvisst með hljóð og læsi almennt með elstu börnunum, eins að kynna þeim fyrir lögum og þulum.

- **Styrkleikar:** Við sjáum framfarir hjá börnunum í að tengja hljóð við staf og finna orð tengt hljóði. Börnin eru dugleg að syngja á deildinni og hlusta á sögur í litlum hópum. Þau hafa verið að læra Lubba táknin í vetur og hvert barn á sitt tákn.

Við tókum eftir því í vetur að áhugi barnanna í Lubbastund fór dvínandi og skýrist það kannski af því að verkefnin voru ekki nægilega krefjandi eða fjölbreytt.

- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að þróa þetta verkefni áfram en við viljum leggja enn frekari áherslu á málörvun á deild og huga að fjölmenningu og tvítyngdum börnum innan deildarinnar. Síðan myndum við vilja sjá að Lubbastundirnar verði fjölbreyttari og skemmtilegar. Við ætlum að skipta hljóðunum úr Lubba á milli deilda svo að börnin séu ekki alltaf að læra sömu hljóðin og að þau geti gefið sér lengri tíma til að vinna með hvert hljóð.

Umbótaþættir fyrir starfsárið 2020-2021 fyrir Hlíð

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinátuverkefni Barnaheilla	Læra vinátusöngva, nota spjöldin og nuddið í daglegu starfi inni á deild. Efla skapandi starf um vináttuna.	Að starfsmenn séu leiðbeinandi í vinátta-verkefninu með því að leggja inn markvissan efnivið út vináttutöskunni.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki ber ábyrgð á að þetta sé gert.	15.09	30.04	Endurmat meðal starfsfólks á vorönn. Spurningalisti til barna á vorönn.	Rýna í niður stöður á endurmati á skipulagsdegi í maí.
Einingakubbar	Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótar efniviðs og kenna börnunum umgengisreglur og heiti kubbana.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Allt árið	Allt árið	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megir inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna. Geti tengt hljóð við staf ásamt því að læra tákn hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Hafa Lubba stundir skemmtilegar og krefjandi, koma með nýjar hugmyndir að leiðum í læsi.	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Endurmat á skipulagsdegi fyrir starfsfólk og spurningalisti til barnanna.	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin
Samskipti	Auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og að samskipti okkar séu á jákvæðan hátt.	Þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann innan leikskólans sem og að allir tileinki sér jákvæð samskipti og lausnarmiðaða hugsun.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsmannakönnun frá SFS, spurningalistar til barna.	Deildarfundum og skipulagsdögum.

Innra mat deildarinnar Lundur

Starfið á Lundi 2019 -2020 hefur gengið vel í vetur, þrátt fyrir skráttinn tíma. Töluverð veikindi voru á starfsfólki og fór einn starfsmaður í langtímaveikindi og hætti í framhaldi á því. Í starfsáætlun síðasta

árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: einingakubbar, leggja grunn að góðum samskiptum, vináttuverkefni Barnaheilla og læsi. Okkar markmið var að vinna vel með þessa þætti og gekk það eftir að mestu leiti. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: Í heildina gekk verkefnið vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni ásamt því að vera í daglegum samskiptum við vini og félaga þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti og bera virðingu fyrir náunganum. Spjöldin í töskunni voru notuð ef upp komu mál varðandi samskipti milli barna til dæmis í samverustund.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um að segja stopp þegar þeim er misboðið. Þau fara í vinanudd í hópastarfi og eru góð hvort við annað, við erum dugleg að nýta efnivið úr töskunni í daglegu starfi inni á deild og okkur finnst börnin vera orðin fljótari að stoppa óæskilega hegðun sem lætur þeim líða illa.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi. Viljum taka fyrir fjölbreytileika mannfélksins og að við erum ekki öll eins og allir eru góðir í einhverju.

Einingakubbar: Markmiðið var að styrkja einingakubbastarfið inni á deild og kynna kubbana og aukaefnivið fyrir börnunum og vinna markvisst með þá.

- **Styrkleikar:** Börnin sýndu framfarir í kubbaleiknum.

Því miður gafst lítill tími í að skipta börnunum upp í smærri hópa og leyfa þeim að byggja en hver hópur fór í einingakubbastarf þriðju hverja viku.

- **Tækifæri til umbóta:** að finna tíma til þess að leyfa börnunum að kubba oft og kenna þeim heiti kubbana og bæta við viðbótarefnivið.

Leggja grunn að góðum samskiptum: Það gekk ágætlega að vinna með samskipti á deildinni og allir meðvitaðir um að jákvæð samskipti skipta máli. Áætlað er að gera samskiptasáttmála með elstu börnunum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Vináttuverkefni Barnaheilla	Læra vináttusöngva, nota spjöldin og nuddið í daglegu starfi inni á deild. Efla skapandi starf um vináttuna.	Að starfsmenn séu leiðbeinandi í vináttu- verkefninu með því að leggja inn markvissan efnivið út vináttutöskunni.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki ber ábyrgð á að þetta sé gert.	15.09	30.04	Endurmat meðal starfsfólks á vorönn. Spurningalisti til barna á vorönn.	Rýna í niður stöður á endur mati á skipulags- degi í maí.
Einingakubbar	Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótar efniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Allt árið	Allt árið	Taka myndir 1x í mán há hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna. Geti tengt hljóð við staf ásamt því að læra tákni hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Hafa Lubba stundir skemmtilegar og krefjandi, koma með nýjar hugmyndir að leiðum í læsi.	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Endurmat á skipulagsdegi fyrir starfsfólk og spurningalisti til barnanna.	Rýna í Hljóm-2 há elstu börnun og málþroska lista fyrir yngri börnin
Samskipti	Auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og að samskipti okkar séu á jákvæðan hátt.	Þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann innan leikskólans sem og að allir tileinki sér jákvæð samskipti og lausnarmiðaða hugsun.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsmannakönnun frá SFS, spurningalistar til barna.	Deildarfundum og skipulagsdögum.

Innra mat deildarinnar Sel

Starfið í Seli 2019 -2020 hefur gengið vel í vetur, þrátt fyrir skýrtinn tíma. Starfsmaður hætti í desember.

Deildarstjóri sem var í veikindaleyfi kom til baka á hálfu starfi í janúar og var í hlutastarfi fram í apríl. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: einingakubbar, leggja grunn að

góðum samskiptum, vináttuverkefni Barnaheilla og læsi. Okkar markmið var að vinna vel með þessa þætti og gekk það eftir að mestu leiti. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni ásamt því að vera í daglegum samskiptum við vini og félaga þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti og bera virðingu fyrir náunganum. Spjöldin í töskunni voru notuð ef upp komu mál varðandi samskipti milli barna til dæmis í samverustund.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um að segja stopp þegar þeim er misboðið. Við nýtum spjöldin og verkefnin úr töskunni í daglegu starfi.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi og nýta meira efniviðinn úr vináttu töskunni. Okkur langar að læra vináttulögin.

Einingakubbar: Markmiðið var að styrkja einingakubbastarfið inni á deild og kynna kubbana og aukaefnivið fyrir börnunum og vinna markvisst með þá.

- **Styrkleikar:** Börnin sýndu framfarir í kubbaleiknum.

Við munum halda áfram að vinna markvisst með kubbana næsta vetur og okkur langar að þau fari oftari í kubbastundir.

- **Tækifæri til umbóta:** að finna tíma til þess að leyfa börnunum að kubba oftari og kenna þeim heiti og form kubbana.

Leggja grunn að góðum samskiptum: Það gekk vel að vinna með samskipti og allir meðvitaðir um hvað jákvæð samskipti skipta máli á stórum vinnustað. Yfirleitt er starfsfólk nokkuð lausnarmiðað.

- **Styrkleikar:** Starfsfólk sýnir meiri samkennd, er ávallt tilbúið að hjálpa og samvinna hefur aukist.

Lausnarmiðuð hugsun skiptir máli þegar upp koma ýmis mál sem þarf að leysa sem fyrst og leikskólinn byggir á samvinnu og samskipti meðal allra.

- **Tækifæri til umbóta:** Starfsfólk tali við hvort annað en ekki um hvort annað. Eins viljum við hvetja börnin meira í að tala við okkur og tjá tilfinningar sínar.

Læsi: Menntastefnuverkefni leikskólans ber heitið „Klókir krakkar læra og lesa í lífið sjálf“ Þessi yfirskrift er í raun megin þættir sem leikskólinn vinnur eftir. Við settum okkur það markmið að fara í Lubbastundir og vinna markvisst með hljóð og læsi almennt með börnunum eins að leggja áherslu á söng.

- **Styrkleikar:** Börnin eru dugleg að syngja á deildinni og hlusta á sögur í litlum hópum. Þau hafa verið að læra Lubba tákinn í vetur og hvert barn á sitt ták.
- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að þróa þetta verkefni áfram en við viljum leggja enn frekari áherslu á Lubba í daglegu starfi. Við viljum hafa fjölbreyttari og meira krefjandi verkefni fyrir næsta vetur og gera Lubba stundirnar áhugaverðar. Við ætlum að skipta hljóðunum úr Lubba á milli deilda svo að börnin séu ekki alltaf að læra sömu hljóðin og að þau geti gefið sér lengri tíma til að vinna með hvert hljóð.

Umbótaþættir fyrir Sel 2020-2021

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Vináttuverkefni Barnaheilla	Læra vináttusöngva, nota spjöldin og nuddið í daglegu starfi inni á deild. Efla skapandi starf um vináttuna.	Að starfsmenn séu leiðbeinandi í vináttu- verkefninu með því að leggja inn markvissan efnivið út vináttutöskunni.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki ber ábyrgð á að þetta sé gert.	15.09	30.04	Endurmat meðal starfsfólks á vorönn. Spurningalisti til barna á vorönn.	Rýna í niður stöður á endur mati á skipulags- degi í maí.
Einingakubbar	Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótar efniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Allt árið	Allt árið	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefni.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Læsi 	Börnin læra tákn hljóðsins. Auka orðaforða og málkilning barnanna.	Hafa Lubba stundir skemmtilegar og krefjandi, koma með nýjar hugmyndir að leiðum í læsi.	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Endurmat á skipulagsdegi fyrir starfsfólk og spurningalisti til barnanna.	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnun og málþroska lista fyrir yngri börnin
Samskipti	Auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og að samskipti okkar séu á jákvæðan hátt.	Þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann innan leikskólans sem og að allir tileinki sér jákvæð samskipti og lausnarmiðaða hugsun.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsmannakönnun frá SFS, spurningalistar til barna.	Deildarfundum og skipulagsdögum.

Innra mat deildarinnar Holt

Starfið á Holti 2019 -2020 hefur gengið vel í vetur, þrátt fyrir skrýttinn tíma. Sami starfsmannahópurinn hefur verið þarna inni á Holti síðasta ár og gengur vel að vinna saman. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: einingakubbar, leggja grunn að góðum samskiptum,

vináttuverkefni Barnaheilla og læsi. Okkar markmið var að vinna vel með þessa þætti og gekk það eftir að mestu leiti. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: Verkefnið gekk mjög vel fram að áramótum. Börnunum á deildinni var skipt upp í hópa og hver hópur fór tvisvar sinnum í viku í hópastarf. Þau höfðu einnig gott aðgengi að Blæ bangsa yfir daginn.

- **Styrkleikar:** Börnin eru búin að læra að segja stopp, þau leita til starfsfólks þegar þeim líður illa. Börnin nota mikið Blæ til að hugga sig ef þau eru leið. Skipulagðar stundir ganga vel og börnin hafa lært góða félagsfærni með verkefninu.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að leggja áherslu á að læra fleiri vináttulög og nýta tónlistina ásamt efnivið úr töskunni meira í daglegu starfi.

Einingakubbar: Markmiðið var að styrkja einingakubbastarfið inni á deild og kynna kubbana fyrir börnunum og vinna markvisst með þá.

- **Styrkleikar:** Börnin sýndu framfarir í kubbaleiknum og þau hafa lært góðan frágang.

Við munum halda áfram að vinna markvisst með kubbana næsta vetur en okkur langar að börnin fái meiri áhuga á þessum efnivið.

- **Tækifæri til umbóta:** gera kubbaleikinn af skemmtilegum stundum og auka úthald barnanna í leiknum. Börnunum verður kennt að bera virðingu fyrir efniviðnum og markmið okkar er að þau sækji enn frekar í það að leika með kubbana í daglegum stundum.

Leggja grunn að góðum samskiptum: Það gekk vel að vinna með samskipti og allir meðvitaðir um hvað jákvæð samskipti skipta máli á stórum vinnustað. Yfirleitt er starfsfólk nokkuð lausnarmiðað og talar saman og sýnir ábyrgð.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa lært að taka tillit til hvors annars. Foreldrar og starfsfólk skiptast daglega á upplýsingum um líðan og stöðu barnsins í leikskólanum. Við vinnum

Lausnarmiðuð hugsun skiptir máli þegar upp koma ýmis mál sem þarf að leysa sem fyrst og leikskólinn byggir á samvinnu og samskipti meðal allra.

- Læsi:** Menntastefnuverkefni leikskólans ber heitið „Klókir krakkar læra og lesa í lífið sjálft“ Þessi yfirskrift er í raun megipættir sem leikskólinn vinnur eftir. Við settum okkur það markmið að fara í lubbastundir og vinna markvisst með hljóð og læsi almennt með börnunum eins að kynna þeim fyrir sönglögum.

- ## Umbótaþættir fyrir Holt 2020-2021

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Vináttuverkefni Barnaheilla	Efla skapandi starf um vináttuna.	Að starfsmenn séu leiðbeinandi í vináttuverkefninu með því að leggja inn markvissan efnivið út vináttutöskunni.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki ber ábyrgð á að þetta sé gert.	15.09	30.04	Endurmat meðal starfsfólks á vorönn. Spurningalisti til barna á vorönn.	Rýna í niður stöður á endurmati á skipulagsdegi í maí.
Einingakubbar	Vinna markvisst með kubbana og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Allt árið	Allt árið	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Læsi 	Börnin læri tákni hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Hafa lubba stundir skemmtilegar, koma með nýjar hugmyndir að leiðum í læsi.	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Endurmat á skipulagsdegi fyrir starfsfólk og spurningalisti til barnanna.	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málproska lista fyrir yngri börnin
Samskipti	Auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og að samskipti okkar séu á jákvæðan hátt.	Þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann innan leikskólans sem og að allir tileinki sér jákvæð samskipti og lausnarmiðaða hugsun.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsmannakönnun frá SFS, spurningalistar til barna.	Deildarfundum og skipulagsdögum.

Innra mat deildarinnar Laut

Starfið á Laut 2019 -2020 hefur gengið vel í vetur, þrátt fyrir skráttinn tíma. Tveir starfsmenn hættu á Laut um áramótin, önnur þeirra flutti til Spánar en hin tók við deildarstjórastöðu á öðrum leikskóla. Tveir nýir starfsmenn komu inn á um áramótin og hefur samstarfið gengið vel. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: einingakubbar, leggja grunn að góðum samskiptum,

vináttuverkefni Barnaheilla og læsi. Okkar markmið var að vinna vel með þessa þætti og gekk það eftir að mestu leiti. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: Verkefnið gekk mjög vel fram að áramótum. Börnunum var skipt upp í hópa og hver hópur fór tvisvar sinnum í viku í hópastarf. Þau voru með greiðan aðgang að Blæ bangsa.

- **Styrkleikar:** Börnin eru búin að læra að segja stopp, þau leita til starfsfólks þegar þeim líður illa. Börnin nota mikið Blæ til að hugga sig ef þau eru leið. Við erum að nota spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi og í samverustund og spjöllum um hvað er að gerast á myndunum.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að leggja áherslu á að læra fleiri vináttulög og nýta verkefni úr töskunni í daglegu starfi.

Einingakubbar: Markmiðið er að styrkja einingakubbastarfið inni á deild og kynna kubbana fyrir börnunum og að börnin læri grunnstig í einingakubbum og umgegni.

- **Styrkleikar:** Börnin sýndu framfarir í kubbaleiknum.

Við munum halda áfram að vinna markvisst með kubbana næsta vetur og börnin fari oftari í kubbastund.

- **Tækifæri til umbóta:** að finna tíma til þess að leyfa börnunum að kubba oftari og kenna þeim frágang og flokkun á kubbunum.

Leggja grunn að góðum samskiptum: Það gekk vel að vinna með samskipti og allir meðvitaðir um hvað jákvæð samskipti skipta máli á stórum vinnustað. Yfirleitt er starfsfólk nokkuð lausnarmiðað og talar saman og sýnir ábyrgð.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa lært að taka tillit til hvors annars. Foreldrar og starfsfólk skiptast daglega á upplýsingum um líðan og stöðu barnsins í leikskólanum. Við vinnum

Lausnarmiðuð hugsun skiptir máli þegar upp koma ýmis mál sem þarf að leysa sem fyrst og leikskólinn byggir á samvinnu og samskipti meðal allra.

- Læsi:** Gekk vel. Börnin fóru í Lubbastund daglega, en hópnum var tvískipt. Annars vegar var lesið í litlum hóp og hins vegar Lubbastund.

- **Styrkleikar:** Flest börn kunna sitt hljóð og tákn og geta sungið lag við það. Farið var yfir tákn og hljóð vikunnar. Stuðst var við myndir og stundum var teiknað á töflu eða fundið dót sem byrjar á því hljóði. Lubbi er alltaf sýnilegur og tekur þátt í söngstundum.
- **Tækifæri til umbóta:** Við viljum gera Lubbastundir fjölbreyttar og meira krefjandi, eins viljum við leggja áherslu á þematengdan lestur í litlum hópum og vinna verkefni út frá þeim.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Vináttuverkefni Barnaheilla	Læra vináttusöngva, nota spjöldin og nuddið í daglegu starfi inni á deild. Efla skapandi starf um vináttuna.	Að starfsmenn séu leiðbeinandi í vináttu- verkefninu með því að leggja inn markvissan efnivið út vináttutöskunni.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki ber ábyrgð á að þetta sé gert.	15.09	30.04	Endurmat meðal starfsfólks á vorönn. Spurningalisti til barna á vorönn.	Rýna í niður stöður á endur mati á skipulags- degi í maí.
Einingakubbar	Vinna markvisst með kubbana og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Deildarstjóri og starfsfólk á deild	Allt árið	Allt árið	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefni við.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Læsi 	Börnin læri tákni hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Hafa lubba stundir skemmtilegar, koma með nýjar hugmyndir að leiðum í læsi.	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Endurmat á skipulagsdegi fyrir starfsfólk og spurningalisti til barnanna.	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málproska lista fyrir yngri börnin
Samskipti	Auka umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og að samskipti okkar séu á jákvæðan hátt.	Þurfum að vera meðvituð um fjölbreytileikann innan leikskólans sem og að allir tileinki sér jákvæð samskipti og lausnarmiðaða hugsun.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsmannakönnun frá SFS, spurningalistar til barna.	Deildarfundum og skipulagsdögum.

Ytra mat

Á hverju ári er gerð viðhorfskönnun til starfsmanna, hún er gerð á vegum skóla og frístundasviðs. Könnunin er rafræn og 60% starfsmanna tóku þátt, ekki er hægt að rekja niðurstöður hennar. Í grófum dráttum kom könnunin vel út, allir lykilþættir voru háir eða yfir fjóra (á grænu) og hafa allir þættir hækkað frá síðasta starfári m.a. starfsánægja, starfsandi, upplýsingaflæði, og stjórnun. Á haustönn

komu starfsmenn frá Skóla og frístundasviði og var gert ytra mat í leikskólanum Jörfa. Niðurstöður voru nokkuð góðar en þó eru nokkrir þættir sem leikskólinn þarf að bæta sig í og er þar til gerð umbótaætlun til yfir þau atriði.

- **Styrkleikar:** Ekkert ofbeldi né einelti mældist á vinnustað, upplýsingaflæði á er gott, starfsánægja, starfsandi og stjórnun mældist hátt og fólk er almennt ánægt í vinnunni. Stjórnun leikskólans er til fyrirmyndar ásamt því að mannauður, leikskólabragur skorar hátt.
- **Tækifæri til umbóta:** Að starfsfólk taki meiri ábyrgð í daglegu starfi og tali saman og samræmi sig. Leikskólastarfsfólk þarf að kynna sér betur skólanámskrá, starfsáætlun og Aðalnámskrá leikskóla. Við þurfum að efla okkur í leik og námi barnanna þar sem lýðræði, jafnrétti og þátttaka barnanna er höfð að leiðarljósi. Eins þurfum við að taka okkur á í mati á námi og velferð barna innan leikskólans.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis og menntastarf innan leikskólans	Að starfsfólk þekki stefnur leikskólans og kynni sér starfsáætlun og skólanámskrá	Starfsfólk fer í undirbúning og kynni sér áætlanir leikskólans.	Stjórnendur leikskólans.	Haut 2020		Spurningalistakönnun til starfsfólks	Skilar þekkingin sér í starfið með börnunum.
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Styrkja þessa þætti innan leikskólans. Auka þátttöku barna í starfi leikskólans	Starfsfólk sé meðvitað um þessa þætti í daglegu starfi	Starfsfólk leikskólans	Haut 2020		Spurningalistakönnun til elstu barna og starfsfólks.	Niðurstöður úr spurninga lista könnuna.
Mat á námi og velferð barna	Til sé staðlað mat um nám og velferð barna í leikskólanum Jörfa.	Mat sé lagt fyrir börn 2x á skólaári.	Deildarstjórar	Haut 2020		Til sé áætlun yfir framkvæmd á stöðluðu mati	Eru foreldraviðtöl haldin þar sem búið er að fylla út í staðlaða lista.

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við nokkra starfsmenn á tímabilinu janúar – febrúar 2020 en svo kom verkfall og covid. Starfsþróunarsamtölin munu halda áfram.

Viðtölin voru boðuð með fyrirvara og fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra. Áhersla var lögð á að ræða líðan starfsmanns í starfi, starfsandann, vinnuumhverfið, verkefnin, starfsþróun og hvort starfsmaður vill gera breytingar innan veggja leikskólans. Flest allir starfsmenn virðast vera ánægðir í starfi og með starfsandann. Starfsfólk hafði orð á því að þeim fannst faglega starfið innan leikskólans væri mjög gott.

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

- ✓ Á skipulagsdegi í janúar fékk leikskólinn vináttunámskeið frá Barnaheillum.
- ✓ Á skipulagsdegi í september kom fyrirlestur frá Kvan um samskipti, eins fengum við inn fyrirlestur varðandi fjölmenningu.
- ✓ Sérkennslustjóri ásamt starfsmanni í sérkennslu fóru á námskeið um matstækið TRAS.
- ✓ Starfsmaður í sérkennslu öðlaðist réttindi á Hljóm-2.
- ✓ Leikskólastjóri og aðstoðaleikskólastjóri sóttu ráðstefnu hjá Rannung.
- ✓ Sérkennslustjóri fór á fyrirlestur um fjölmenningu í leikskólum.
- ✓ Einn deildarstjóri sótti námskeið á vegum Barnasáttmálans.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Samstarf við Breiðagerðisskóla er reglulegt og farið er í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn.
- Elsti árgangur leikskólans fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla í byrjun september, hitta skólastjórnendur og skoða skólann.
- Í september fara elstu börnin í leikstund í fyrsta bekk.
- Í október fara nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í sína gömlu leikskóla í hverfinu.
- Grunnskólabörnin úr 7.bekk koma í heimsókn og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.
- Í desember heimsækja elstu börn leikskólans bókasafnið í Breiðagerðisskóla.
- Mars/apríl fara elstu börn leikskólans í kennslustund með kennurum fyrsta bekkjar.
- Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í Breiðagerðisskóla og hitta skólastjórnendur sem leiða þau í gegnum skólann.

Skólastjóri heimsækir leikskólann í júní og fær upplýsingar um skólaskil áherslur og skipulag næsta starfsár.

Samstarf 2020-2021

Jörfi – Breiðagerðisskóli - Sólbúar

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Alla miðvikudaga yfir veturinn Kl. 9:40	Elstu börnin fara í Víkina í hreyfistund	Víkin	Deildarstjóri og íþróttastjóri Víkings
10.09 Kl. 10:00	Elsti árgangur Jörfa fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur í Breiðagerðisskóla
22.09 Kl. 10:00	Elsti árgangur Jörfa fer í leikstund í Breiðagerðisskóla.	Breiðagerðisskóli	Kennarar beggja skólastiga
08.10 Kl. 10:00	Nemendur í fyrsta bekk heimsækja leikskólann	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga
20.10 Kl. 10.00	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
16.11 Kl. 10:00	Nemendur úr 7. bekk lesa fyrir börnin í Jörfa	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga.
04.12 Kl. 10:00	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafnið í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
10.12 Kl. 10:00	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
18.03 Kl. 10:00	Leikskólabörn fara í kennslustund í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
05.04 Kl. 10:00	Elstu börn Jörfa heimsækja	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis

	frístundarheimilið Sólbúa		
25.05 Kl 10:00	Leikskólabörn hitta skólastjórnenndur	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnenndur.
27.05 Kl. 10:00	Skólastjórnenndur koma í leikskólann á skilafund	Jörfi	Deildarstjórar og skólastjórnenndur.
14.06 Kl 10:00	Skilafundur vegna barna með stuðning	Breiðagerðisskóli	Sérkennslustjóri ásamt kennurum.

Foreldrasamvinna

Síðastliðið skólaár hafa fulltrúar í foreldraráði verið fimm og eru þeir kosnir á námskynningu leikskólans að hausti til. Foreldraráðið hefur gert umsögn um starfsáætlun ár hvert og stutt við leikskólastjóra ef upp hafa komið erfiðar aðstæður svo sem mannekla og fleira.

- ✓ Foreldrafundir eru einu sinni á ári á hverri deild í september. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum.
- ✓ Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur yfirleitt eru þau haldin á haustönn og vorönn. Þar er rætt um leikskólagöngu barnsins og fleira.
- ✓ Foreldrafélag Jörfa hefur haldið aðalfund að hausti til þar sem kosnir eru fulltrúar í félagið. Foreldrafélagið er mjög virkt og það stendur fyrir alls konar upptækum fyrir börnin t.d. leiksýningum, sveitferð, jólaballi, sumarhátíð ofl.
- ✓ Þegar barn byrjar í leikskólanum sem á erlenda foreldra þá boðum við foreldra á fund með túlki (ef þess þarf), farið er yfir leikskólann og hvernig starfinu er háttað. Deildarstjóri sér svo um að vera í almennum samskiptum við foreldrana. Ef barnið talar litla sem enga íslensku þá þarf viðkomandi deildarstjóri að leggja áherslu á að barnið hljóti viðeigandi stuðning í daglegu starfi svo unnt sé að kenna því undirstöðu atriðin í íslensku. Notast hefur verið við samskiptabækur við foreldra um framgang og þróun barnsins en eins er túlkur pantaður eftir þörfum. Samvinna milli leikskóla og foreldra erlendra barna mætti vera meiri.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Jörfa eru sjö og verða þeir:

- 18. september, 2020 (skipulagsdagur sem féll niður á vorönn vegna Covid).
- 23. október, 2020 (Vetrarleyfi í Breiðargerðisskóla)
- 19.nóvember (sameiginlegur), 2020
- 18. janúar (sameiginlegur), 2020
- 22.og 24. apríl, 2020
- 10. maí (sameiginlegur), 2020

F. h. leikskólans Jörfa

Dagsetning 30.06.202

Bergljót Jóhannsdóttir
Leikskólastjóri

Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs. Athugið að starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs í skóla- og frístundaráði.

8.2 Fylgiskjal 4 – Hægt er að setja matsgögn sem fylgiskjal með starfsáætlun. Munið að merkja vel fylgiskjalið og í texta þar sem það á við.

1.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Jörfi

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Fanney Frímannsdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Soffía Óskarsdóttir

I.

Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2019-2020.

II.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2020-2021. Að mati ráðsins sýnir áætlunin merki um metnaðarfulla, skynsamlega og faglega vinnu.

Leikskólinn hefur að leiðarljósi gildin leikur, gleði og virðing og endurspeglast þau gildi vel í áætlun skólaársins og vill ráðið lýsa yfir ánægju sinni með þessi gildi. Starfsáætlunin lýsir starfsemi leikskólans vel og þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir.

Síðast liðin ár hefur reynst erfitt að fá fagfólk til starfa á leikskólanum og ánægjulegt er að sjá að það bætir í með hverju árinu og að starfsmannavelta hefur minnkað. Þá hafa góðum stjórnendum

leikskólans tekist að nýta mannauðinn á frábæran hátt og tekur starfáætlun fyrir næsta ár mið af því. Faglega starfið er því áfram á hraðri uppleið og starfáætlunin fyrir árið 2020 -2021 ber þess merki að ennfrekar eigi að gefa í og er það vel.

Mikil ánægja hefur verið með Vináttuverkefnið sem hefur verið unnið með á leikskólanum og er foreldraráðið ánægt með að halda eigi áfram með þá góðu vinnu. Vorum við sammála um að verkefnið hafi skilað sér í betri samskiptum barnanna og sé af sama skapi að skila sér heim til foreldra og systkina.

Áherslan sem skólinn ætlar að leggja á læsi er spennandi og virkilega jákvæð. Nú þegar er byrjað að vinna með Lubbann (Lubbi finnur málbein) á öllum deildum, mikið unnið með stafina og hljóðin og markvisst unnið að því að auka orðaforða. Þá er tónlistarstarf innan leikskólans til fyrirmyndar, mikið sungið, fjölbreytt lög og vikulegir söngfundir þar sem öll börnin á leikskólanum koma saman og syngja undir gítarleik eins kennarans. Samstarfið við Tónlistarskóla Sigursveins er enn fremur alveg frábært.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með samstarf leikskólans við Breiðagerðisskóla og endurspeglast það góða starf í starfsáætluninni en þar kemur fram nákvæmlega hvernig samstarfinu verður háttað. Góð samvinna er með skólahóp leikskólans og fá börnin góða aðlögun að skólanum. Enn fremur er gott að samræmi sé milli starfsdaga skólanna tveggja þegar svo er unnt svo börn/systkini á báðum skólastigum séu í fríi á sömu dögum.

Nýtt samstarf við myndlistarskólann í Reykjavík er mjög spennandi og foreldraráðið ánægt með þá nýjung og þá áherslu efla listastarf barnanna.

Foreldraráð var mjög ánægt með hvernig til tókst þegar deildum var aldurskip á síðasta skólaári, en skilur þá aðstöðu sem leikskólinn að þurfa að blanda elstu deildunum saman ójafnvægis milli fjölda barna í hverjum árgangi.

Ytra mat leikskólans kom vel út í haust og er ánægja hjá foreldraráði með það. Foreldraráð er ánægt með þær úrbætur sem leikskólinn áætlar til að gera enn betur í kjölfarið á þessu ytra mati.

III.

Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem fram fer inn á leikskólanum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hvernig faglega starfið á leikskólanum færir í aukana og undirritaðar binda mikið traust við stjórnendur skólans sem hafa góð stjórn á málum sem skilar sér í aukinni ánægju starfsfólks. Foreldraráð er ánægt með að stöðugleiki í starfsmannamálum er að nást

og ánægjulegt að fleiri fagmennu fái til starfa þrátt fyrir mikinn skort á menntuðum leikskólakennurum, en það er hluti af mun stærra vandamáli sem stjórnendur skólans hafa ekki tök á að leysa.

Reykjavík, 8. júlí 2020,

Foreldraráð Jörfa,

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Fanney Frímannsdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Soffía Óskarsdóttir

1.2 Fylgiskjal matsgögn leikskólans

Endurmat á vetrarstarfi í Jörfa

Samverustundir:

a. Hvað er gert í samverustundum?

b. Er einhver áætlun til yfir samverustundir? Ef svarið er já, er hún í notkun?

c. Hve mörg börn eru í samverustund að meðaltali? _____

Æfa börn framsögn í samverustundum, hvernig? _____

d. Skiptist ábyrgð á samverustundum jafnt á alla starfsmenn deildarinnar?

☐

Alltaf

☐

Oft

☐

Stundum

☐

Sjaldan

☐

Aldrei

Er lesið fyrir börnin daglega í litlum hóp og hvernig eru bækur valdar (tengt t.d. þema)?

Er lesin framhaldssaga fyrir eldri deildar?

Hreinlætisvenjur:

a. Hversu oft á ári er gátlisti hreinlætisáætlunar yfirfarinn? _____

b. Hvernig er það gert?

Matmálstímar:

Hvaða reglur eru á deildinni um eftirfarandi atriði og er ástæða til að breyta einhverjum þeirra. Ef svarið er já, þá hvernig?

a. Að smakka allan mat

b. Að smyrja brauð sjálfur?

c. Ganga börnin sjálf frá eftir máltíðir?

d. Þrif ef eitthvað dettur/sullast niður

e. Hella börnin sjálf í glas



f. Að segja: “Viltu rétta mér”

g. Þakka fyrir sig eftir matinn

h. Eru daglegir borðþjónar á deild og hvert er þeirra hlutverk?

Leikur og samskipti

a. Hvernig kenna starfsmenn deildarinnar börnum að leika sér?

b. Hvernig er talað við börnin (opnar spurningar, augnhæð osfrv.)?



c. Hvað er barnalýðræði?

d. Hvernig er barnalýðræði útfært á deildinni?

Útivera:

a. Taka starfsmenn þátt í leik barnanna eða stýra þeim í leik ef þau eru eirðarlaus?

☐	☐	☐	☐	☐
Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei

b. Hvernig?



c. Eru starfsmenn:

1. að dreifa sér á svæði í útiveru?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

2. hugsa starfsmenn um börn allra deilda og hjálpast að?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

d. Eru starfsmenn virkir í að kenna börnunum að umgangast umhverfið og gróðurinn af virðingu?

Allir starfsmenn deildarinnar

☐ Já ☐ Nei ☐ Stundum

Eru starfsmenn virkir í að kenna börnunum leiki í útiveru eða hvetja þau í leiki?

Allir starfsmenn deildarinnar

☐ Já ☐ Nei ☐ Stundum

e. Fara starfsmenn yfir garðinn þegar börnin eru að fara inn?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

f. Láta starfsmenn aðrar deildir vita ef deildin ætlar ekki út?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

g. Eru starfsmenn duglegir að drífa sig út þegar fyrsti barnahópurinn er tilbúinn?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

h. Er farið yfir barnahópin þegar þau eru komin inn til að athuga hvort einhver sé enn úti?

☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

Gönguferðir:



a. Hve oft er farið í ferðir út fyrir leikskólann:

- ☐ oft en 1 x í viku ☐ 1-2 í mánuði
☐ 1 x í viku ☐ Sjaldnar

b. Er börnunum skipt á milli starfsmanna þegar farið er í ferðir?

- ☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

c. Þegar farið er í strætó fer alltaf 1 starfsmaður inn í vagninn fyrstur, annar inn seinastur.

Eins þegar farið er út úr vagninum?

- ☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

d. Eru vestin notuð þegar farið er í gönguferðir?

- ☐ Alltaf ☐ Oft ☐ Stundum ☐ Sjaldan ☐ Aldrei

Hópastarf:

a. Fá allir hópastarf 2 x í viku?

- ☐ Já ☐ Nei

b. Fellur hópastarfið oft niður? Ef svo er af hverju ?

Er kennslufni í hópastarfi uppfært reglulega? og fá hópstjórar þann undirbúning sem þarf til þess?



Er hópastarfið nógu fjölbreytt og krefjandi fyrir börnin og hæfir það þeirra aldri?

c. Hvernig tókst að koma eftirfarandi kennsluefni til skila í vetur (Vinaáttan, Lubbi, Læsi, Einingakubbar)?

e. Eru einhver svæði minna notuð en önnur? Ef svarið er já, þá hver og af hverju?

Málörvun:

Hvar í skólanum og hvernig er málörvun háttað?

a. Í fataherbergi



b. Í leik

c. í útiveru

d. í samverustundum

e. á salerni

f. við matarborðið



g. annað:

Hvernig er málörvun erlendra barna háttað á deildinni, taka allir starfsmenn þátt og fá börnin reglulega málörvun yfir veturinn?

Hvernig ætla deildir að útfæra málörvun erlendra barna næsta vetur?

Er eitthvað annað sem deildin vill koma á framfæri varðandi starfið?



Könnun á líðan starfsmanna í Jörfa 2020

1A) Hvernig líður þér í vinnunni? (settu hring utan um viðeigandi líðan)

illa sæmilega vel

1B) Ef þér líður illa/sæmilega í vinnunni, hvers vegna?

2. Á skalanum 0-5 hvernig finnst þér starfsandinn í húsinu vera
(0 er verst og 5 er best)?

0 1 2 3 4 5

Hvers vegna?

3. Hvernig upplifir þú samskipti milli starfsfólks í húsinu ?
(0 er verst og 5 er best)

0 1 2 3 4 5

Hvers vegna?





Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Jörfi

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagur	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalyðsdagur	1 Þ	1 F
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M	2 F	2 M Foreldraviðtal Sel	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ Foreldraviðtal Sel	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F Grænn dagur	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M Foreldraviðtal Laut	4 F Piparkökumálun	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F Foreldraviðtal Laut	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagur	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	7 M Jólasmíðja yngri	7 F Vasaljósadagur	7 S	7 S	7 M	7 F Búningadagur	7 M Íþróttavika Jörfa	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ Jólasmíðja yngri	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F Bleikur dagur	9 M Foreldraviðtal Holt	9 M Jólasmíðja eldri	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M		10 F Meistarastarf kynning	10 L	10 Þ Foreldraviðtal Holt	10 F Jólasmíðja eldri	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Skipulagsdgur	10 F	10 L
11 Þ	Leikskólinn opnar	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Rugldagur	12 M	12 M Opið hús	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M Jólaball yngri	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Jólaball eldri	15 F	15 M Bolludagur	15 M Foreldraviðtal Hlið	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ Foreldraviðtal Hlið	16 F	16 S	16 M Skrúðganga	16 F
17 M		17 F	17 L	17 Þ Ömmu og afa kaffi	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M Foreldraviðtal Lundur	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F Skipulagsdagur	18 S	18 M	18 F Rauður dagur	18 M Skipulagsdagur	18 F	18 F Foreldraviðtal Lundur	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F Skipulagsdagur	19 L	19 Þ	19 F Konukaffi	19 F	19 M Blár dagur	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Skipulagsdagur	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ Vetrarstarf kynning	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur	22 M	22 M Foreldraviðtal Sel	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M Vetrarstarf kynning	23 F Skipulagsdagur	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ Foreldraviðtal Sel	23 F Skipulagsdagur	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M		24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Foreldraviðtal Laut	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F Skipulagsdagur	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Foreldraviðtal Laut	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L	26 M Foreldraviðtöl Hlið	26 F Röndóttur dagur	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ Foreldraviðtöl Hlið	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M Foreldraviðtöl Lundur	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F Foreldraviðtöl Lundur	29 S	29 Þ	29 F		29 M Foreldraviðtal Holt	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ Foreldraviðtal Holt	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M Gulur dagur		31 M		